



## Áskorun á Alþingi og væntanlega ríkisstjórn

Samiðn skorar á Alþingi og væntanlega ríkisstjórn að ná sátt um frumvarp til breytinga á lögum um lífeyrissjóði opinberra starfsmanna sem lagt var fram á síðasta þingi og tryggja afgreiðslu þess fyrir næstu áramót.

Takist ekki að afgreiða breytingarnar fyrir næstu áramót eru forsendur fyrir samræmingu lífeyrisréttinda eins og samkomulag er um á almenna og opinbera vinnumarkaðinum brostnar.

Reykjavík, 14. nóvember 2016